

Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um styrkingu starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

Lagt er til að fjölga fagmenntuðu starfsfólki á opnanir Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar til að styrkja starfsemi félagsmiðstöðvarinnar árið 2020 vegna mikillar aukningar í aðsókn.

Greinagerð:

Í gildi er samningur milli Reykjavíkurborgar og Samtakanna 78 um rekstur Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar sem hefur gildi út árið 2020. Komið hefur í ljós að til að mæta aukinni aðsókn að félagsmiðstöðinni, sem hefur aukist verulega á skömmum tíma, þurfi að ráða viðbótarstarfsfólk til starfseminnar eins og nánar er gert grein fyrir í meðfylgjandi minnisblaði. Þar kemur fram að aðsóknin hefur margfaldast frá sama tíma fyrir ári síðan. Fjármagnið sem samningurinn tryggir dugur ekki fyrir þessari breytingu en búið er að tryggja viðbótarfjármagn í verkefnið hinsegin félagsmiðstöð á árinu 2020. Hér er verið að útfæra hvernig fjármagninu skal ráðstafað en fjármagnið gerir félagsmiðstöðinni kleift að bæta við sig í það minnsta 20% stöðugildi í starfseminna á árinu.